

# VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN

LEYFI/VEIKINDI/FJARVIST



Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda veikinda- og/eða leyfisdaga við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

Prep 1 5-9 dagar	Prep 2 10-14 dagar	Prep 3 15-19 dagar	Prep 4 20-29 dagar	Prep 5 30 dagar eða fleiri
Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla	Umsjónarkennari á samtali við foreldra og nemanda. Skólastjórndur eru upplýstir um stöðu mála. Ef um veikindi er að ræða má óska eftir aðkomu Nemendaverndarráðs.	Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnum eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra.	Skólastjórni boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun gerð í samráði við Nemendaverndarráð sem send er til Menntasviðs Kópavogsbæjar.	Skólastjórni tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref.

Í 19. grein laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sækir skóla“.